



Skipulag í



1 0 0 2 0 2 1

Ný lög um umhverfismat

Skipulagsgátt

Skipulag  
landbúnaðarlands

Samráð við almenning

Skipulagsglugginn  
við Fjallsárlón



## Tímar margvíslegra tímamóta

Það má með sanni segja að nú um stundir séu tímar margvíslegra tímamóta.

Eftir árið fordæmalausa sér samfélagið nú fyrir endann á heimsfaraldrinum og frá júnilokum getum við fagnað því að daglegt líf okkar er nú á ný nær án takmarkana á samkomur og ferðalög.

Í tilefni þess að við erum byrjuð að sjá ferðaþjónustuna taka við sér á ný veljum við að þessu sinni að helga Skipulagsgluggann skipulagi áfangastaðar ferðamanna í náttúru Íslands. Skipulagsglugginn er fastur liður hér í fréttabréfinu, þar sem vakin er athygli á skipulagsverkefnum sem fela í sér nýjungar og áhuga-verða nálgun.

Síður fréttabréfsins eru annars að verulegu leyti helgaðar tímamótum sem felast í nýmælum í löggjöf á sviði skipulagsmála. Þar ber hæst annars vegar heildarendurskoðun laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana og hins vegar ákvæði um landfræðilega gagna- og samráðsgátt sem bætt hefur verið við skipulagslögin.

Þá felast aldeilis tímamót í því að um þessar mundir eru liðin 100 ár frá því að sett voru fyrstu lög um skipulagsmál hér á landi, lög um skipulag kaupþúna og sjávarþorpa. Af því tilefni hefur Skipulagsstofnun hrint af stað [greinaröð](#), sem birtast mun í Kjarnanum og vefmiðlum Skipulagsstofnunar smátt og smátt fram eftir ári. Þar mun fjölbreyttur hópur greinaskrifenda úr ólíkum áttum setja fram hugmyndir og sjónarmið um hið byggða umhverfi og skipulagsmál fyrir okkar samtíð og framtíð.

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir**  
forstjóri

## Ný lög um umhverfismat



© Malcolm Holloway | Dreamstime

### Alþingi samþykkti nú í vor ný lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Lögin fela í sér heildarendurskoðun og sameiningu laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og laga um umhverfismat áætlana.

Með lögnum er stuðlað að einföldun á ferli umhverfismats, auknum fyrir-sjáanleika, styttri málsmeðferðartíma og aukinni samþættingu umhverfismats framkvæmda við málsmeðferð skipulagstillagna. Um leið er markmiðið að tryggja sem best aðkomu almennings og hagsmunaaðila að umhverfismati.

Framkvæmdaflokkar og stærðarmörk framkvæmda, sem segja til um hvort framkvæmd er háð umhverfismati

eða tilkynningarskyld til ákvörðunar um hvort hún skuli háð umhverfismati hafa verið endurskoðuð og felldur brott svokallaður C-flokkur framkvæmda. Þá er skerpt á kröfum til leyfisveitenda um að taka mið af álit Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdar og ákvæði um málskot einfölduð.

Áhersla nýju laganna á skilvirkni og samráð endurspeglast meðal annars í ákvæðum um svokallað forsamráð framkvæmdaraðila, Skipulagsstofnunar, sveitarstjórna og annarra leyfisveitenda um ferli og tilhögun umhverfismatsvinnunnar hverju sinni. Þá er eins og áður er nefnt áhersla á samþættingu umhverfismats framkvæmda við gerð skipulagsáætlana sem framkvæmdin útheimtir. Einnig er lagt upp með verulegar breytingar á allri miðlun upplýsinga, með tilkomu gagna- og samráðsgáttar (sjá frétt hér að neðan um skipulagsgátt).

Á Umhverfismatsdeginum sem verður 1. september nk., sama dag og lögin taka gildi, er áformað að fjalla nánar um inntak nýju laganna. Nýju lögin má nálgast á [vef Alþingis](#).

## Skipulagsgátt innleidd með breytingum á skipulagslögum

Við höfum áður vakið athygli á áformum um uppbyggingu svokallaðrar skipulagsgáttar hér á síðum Torgsins (sjá bls. 4 í [haustheftinu](#) 2020).

Fyrir þinglok nú í vor samþykkti Alþingi breytingar á skipulagslögum sem fela í sér að Skipulagsstofnun skal starfrækja landfræðilega gagna- og samráðsgátt um gerð skipulagsáætlana, umhverfismat og framkvæmdaleyfi. Nota skal gáttina við kynningu gagna við skipulagsgerð, umhverfismat og útgáfu framkvæmdaleyfa og skulu allar umsagnir frá opinberum umsagnaraðilum, almenningi

og hagsmunaaðilum berast í gáttina. Í nýjum lögum um umhverfismat, sem fjallað er um að ofan, er gert ráð fyrir að kynning og samráð gagnvart almenningi og umsagnaraðilum við umhverfismat framkvæmda og áætlana fari fram um skipulagsgáttina.

Gert er ráð fyrir að gáttin taki til starfa í desember 2022. Tíminn þangað til verður nýttur til þess umfangsmikla verkefnis sem hönnun og smíði hennar felur í sér, sem mun meðal annars kalla á viðtækt samráð við aðila sem starfa að skipulags- og umhverfismatsverkefnum á ólíkum vettvangi, auk krefjandi forritunar og hönnunarvinnu.



# Skipulag landbúnaðarlands

Breytingar á jarðalögum og leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands

**Alþingi samþykkti nú í vor breytingar á jarðalögum sem taka gildi 1. júlí 2021. Með þeim er felld brott aðkoma landbúnaðarráðherra að ákvörðunum um landskipti og lausn lands úr landbúnaðarnotum. Jafnframt hefur með breytingum á jarðalögum verið skerpt á sambandi skipulags og ákvarðana um landskipti, auk þess sem nú er kveðið á um skyldu sveitarstjórna til að flokka landbúnaðarland við gerð aðalskipulags.**

Landbúnaðarland sem hentar vel til ræktunar er verðmæt auðlind. Landsskipulagsstefna beinir því til sveitarfélaga að landi sem hentar vel til ræktunar verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti. Áþekkt markmið er að finna í jarðalögum sem kveða á um að tryggt verði sem kostur er að land sem er vel fallið til búvöruframleiðslu sé varðveitt til slíkra nota.

## Breytingar á landnotkun

Þeim breytingum sem gerðar hafa verið á jarðalögum er ætlað að styrkja skipulagsgerð sveitarstjórna í þágu landbúnaðar og verndar ræktunarlands. Í stað þess að landbúnaðarráðherra þurfi að samþykkja lausn lands úr landbúnaðarnotum skulu sveitarstjórnir nú taka ákvarðanir um breytingar á landnotkun á landbúnaðarlandi við gerð skipulagsáætlana, á grundvelli heildstæðs mats með tilliti til mögulegra búrekstrarnota lands.

## Landskipti á grundvelli skipulags

Þá er með breytingum sem gerðar hafa verið á jarðalögum fallið frá því að leita þurfi samþykkis landbúnaðarráðherra fyrir skiptingu lands á landbúnaðarsvæðum. Framvegis liggja ákvarðanir um það hjá sveitarstjórnnum.

Með breytingum á jarðalögum hefur jafnframt verið undirstrikað að ákvarðanir sveitarstjórna um land-



© Ioanacirlig | Dreamstime

skipti á landbúnaðarsvæðum skulu samrýmast skipulagsáætlunum viðkomandi sveitarfélags og byggja á heildstæðu mati á áhrifum landskiptanna á möguleg búrekstrarnot lands.

## Leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands

Þessar nýju breytingar á jarðalögum kveða einnig á um skyldu sveitarfélaga til að flokka landbúnaðarland við gerð aðalskipulags. Með fyrri breytingum á jarðalögum hafði landbúnaðarráðherra verið heimilað að gefa út leiðbeiningar í samvinnu við yfirvöld skipulagsmála um það hvernig skuli flokka landbúnaðarland við gerð aðalskipulags.

Nýlega hafa verið gefnar út leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands, en það er atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið sem stendur að þeim í samstarfi við Skipulagsstofnun og Landbúnaðarháskóla Íslands. Þar er sett fram flokkun sem fylgja skal þegar landbúnaðarland er kortlagt. Flokkarnir eru fjórir: Mjög gott ræktunarland, gott ræktunarland, sæmilegt ræktunarland og lélegt ræktunarland. Flokkarnir miðast við hæfni lands til matvæla- og fódurframleiðslu, eða mögulegrar ræktunar iðnaðarjurtu.

Leiðbeiningunum er ætlað að nýtast sveitarfélögum við gerð aðalskipulags og stuðla að því að flokkun landbúnaðarlands verði unnin með samræmdum hætti á landinu öllu.

[Leiðbeiningarnar má nálgast á vef Skipulagsstofnunar](#) og Stjórnarráðsins. Einnig má nálgast upptöku með kynningu á leiðbeiningunum frá kynningarfundum sem haldin var í júní á [vef Skipulagsstofnunar](#).





# Samráð við almenning um skipulagsmál

## Ný rannsókn

Út er komin skýrslan *Samráð við almenning um skipulagsmál*. Þar eru settar fram niðurstöður rannsóknarverkefnis sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands hefur unnið fyrir Skipulagsstofnun.

Aðdraganda verkefnisins má rekja til aðgerðaáætlunar umhverfis- og auðlindaráðherra um Árósasamninginn, en þar er Skipulagsstofnun falið að vinna að úttekt á samráði við almenning og félagasamtök við ákvarðanatöku um skipulag og framkvæmdir.

Rannsóknarverkefnið var tvíþætt. Annarsvegar var gerð netkönnun



meðal almennings. Hinsvegar voru tekin viðtöl þar sem rætt var við fagaðila og hagsmunaaðila um samráðsferli og samráðsaðferðir.

Niðurstöður rannsóknarinnar eru mikilvægur efniviður fyrir smíði skipulagsgáttarinnar em sagt er frá í annarri frétt að framan, sem og fyrir

leiðbeiningagerð um samráð, sem fyrirhugað er að ráðast í á grundvelli aðgerðaáætlunar um Árósasamninginn. Einnig geta þær nýst sem efniviður fyrir rýni á ýmsum ákvæðum skipulagslaga.

Rannsóknarskýrsluna má nálgast á vef Skipulagsstofnunar.

# Skipulagsglugginn

## Áhugaverð skipulagsverkefni

Úr skipulagsglugga Torgsins er sjónum að þessu sinni beint að skipulagi áfangastaðar ferðamanna við Fjallsárlón á Breiðamerkursandi. Deiliskipulagið var samþykkt árið 2015 og er unnið af Glámu-Kími, Landslagi og VSÓ ráðgjöf.

Í deiliskipulaginu er sett fram umgjörð um nýjan áfangastað ferðamanna með það fyrir augum að svæðið geti tekið við fjölda ferðamanna sem notið geti þeirrar náttúruupplifunar sem staðurinn gefur kost á, án þess að umhverfið láti á sjá.

Í skipulaginu er lögð áhersla á samræmt útlit bygginga og vandaða byggingarlist með heildarmynd og mikilvægi svæðisins í huga. Þjónustubyggingarnar eru staðsettar þannig að þær sjáist ekki frá lóninu.

Í deiliskipulaginu er fótgangandi gert hátt undir höfði, bílaumferð takmörkuð og þeir vegir og stigar sem fyrir eru nýttir eftir föngum.



Útsýnis- og áningarstaðir eru mótaðir þannig „að tilefni verði til að staldra frekar við, velta vöngum og njóta útiveru og útsýnis“, eins og segir í deiliskipulaginu.

Þjónustumiðstöð hefur verið reist á svæðinu, hönnuð af Glámu-Kími og lýsa hönnuðir henni sem klasa smærri húsa sem hafi vísun til þeirra húsaþyrpinga sem frá fornu hafa einkennt þennan landshluta.

Sjá nánar í [skipulagsvefsjá Skipulagsstofnunar](#).

